

13. gr.

67

Hæfilegur skipsforði, er hafa má óinnsiglaðan, telst vera 1 lítri^{24.} ágúst á dag handa hverjum þremur skipverjum, á meðan skipið er hjer við land, og sje eingöngu miðað við þá, sem náð hafa 21 árs aldri. Af skipsforða má ekki selja og ekki gefa öðrum en skipverjum.

14. gr.

Um brot gegn reglugjörð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

15. gr.

Reglugjörð þessi gengur þegar í gildi, og er jafnframt úr gildi feld reglugjörð nr. 65 frá 1922.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

GJALDSKRÁ

68
28. ágúst

fyrir

notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, er um hemil 40 krónur á ári fyrir hver 100 watt, en um mæli 30 aurar fyrir hverja kílówattstund.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarsstaðar, ákveður hreppsnefndin verðið fyrir hverja kílówattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhússljósa einstakra manna og fjelaga, í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem engin íbúð er í, fer um gjaldið eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um hemil og mæli, er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka alt að 20% en lækka alt að 40% frá því, sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnefndin sjálf gjaldið.

68
28. ágúst

2. gr.

Leiga eftir hemil er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella 4 kr. Leiga eftir mæli skal ekki vera hærri en 6 — sex — krónur á ári.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er almanaksárið. Gjaldldagi fyrir rafmagn, hvort heldur er um hemil eða mæli, er 30. apríl og 21. des. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjaldldaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda eftir skriflegri tilkynningu til hans. Taka má gjaldið lög taki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir hemil eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

69
20. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

meðferð og notkun rafmagns í Neskaupþúni í Norðfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps stofnar til Rafmagnsstöðvar Norðfjarðar á kostnað sveitarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn frá Bakkabæ að Strandahúsi og selja hana til heimilisnotkunar og annara þarfa, og hefir rafveitan einkasölu á rafmagni á þessu svæði.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi yfirstjórn rafstöðvarinnar. Hún kys í rafveitunefnd til þriggja ára í senn og gilda um kosningu þessa og